

GUNNUHVERSVEGUR Á REYKJANESI, REYKJANESBÆ OG GRINDAVÍKURBÆ

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að að gerð nýs vegar um hverasvæðið við Gunnuhver á Reykjanesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna röskunar jarðmyndana og gróðurs á um 250 m kafla vegarins. Þá telur stofnunin að framkvæmdin muni bæta aðgengi og öryggi ferðamanna á hverasvæðinu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. september 2009.

5. ágúst 2009

Skipulags
stofnun

INNGANGUR

Þann 27. maí 2009 tilkynnti VSÓ Ráðgjöf, fyrir hönd HS Orku hf, Ferðamálasamtaka Suðurnesja, Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar til Skipulagsstofnunar fyrirhugaða lagningu ferðamannavegar við Gunnuhver á Reykjanesi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Ferðamálastofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Grindavíkurbæ með bréfi dags. 29. júlí 2009, Reykjanesbæ með bréfi dags. 9. júní 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 15. júní 2009, Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja með bréfi dags. 9. júlí 2009, og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 25. júní 2009.

Umsögn barst ekki frá Ferðamálastofu.

FRAMLÖGD GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Fram kemur að fyrirhugað sé að gera nýjan veg um hverasvæðið við Gunnuhver í stað vegarkafla sem hafi verið lokað vegna aukinnar hveravirkni á svæðinu. Vegurinn verði innan svæðis á Náttúruminjaskrá (Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg). Um sé að ræða samstarfsverkefni Grindavíkurbæjar, Reykjanesbæjar, HS Orku hf. og Ferðamálasamtaka Suðurnesja. Framkvæmdirnar hafi verið kynntar Umhverfisstofnun og samþykktar í skipulagsnefnd Grindavíkurbæjar og í Umhverfis- og skipulagsráði Reykjanesbæjar.

Fram kemur að vegurinn verði um 1,5 km langur frá Reykjanesvitavegi, sunnan við Gráa lónið og austur fyrir hverasvæðið við Gunnuhver. Flái vegarins verði 1:2, nema á varnargarði Gráa lónsins þar sem fláinn verði 1:1 og vegurinn verði 6,6 til 9,4 m breiður, en breiddin ráðist af fláa vegarins. Gert sé ráð fyrir að vegurinn standi að hámarki 50 cm upp úr landinu og víðast hvar ekki nema 10 cm. Efni í veginn verði sótt í Stapafellsnámu (samtals 9.840 m³) og áætlað sé að 8.700 m³ af efni fari í fyllingar, 710 m³ í jöfnunarlag og 430 m³ í grjóthleðslu.

Fram kemur að meiri hluti vegarins, samtals 1.250 m langur kafli liggi á röskuðu landi, en á 250 m kafli liggi hann á lítið röskuðu svæði. Skipta megi fyrirhuguðum framkvæmdum í fjóra hluta:

1. Vestasti hlutinn (um 400 m) verði byggður upp á gömlum slóða, frá Reykjanesvitavegi og yfir á varnargarð við Gráa lónið.
2. Uppbygging vegar ofan á varnargarðinum (um 600 m).
3. Nýr vegarkafli (um 250 m) verði gerður frá enda varnargarðs og að gömlum vegslóða, sem liggi í áttina að núverandi Gunnuhversvegi.
4. Uppbygging gamla vegslóðans (um 250 m) frá malargarði og að Gunnuhversvegi.

Tilgangur framkvæmdanna er sagður vera annars vegar að gera nýja akstursleið um hverasvæðið við Gunnuhver og hins vegar að bæta öryggi og aðstöðu ferðamanna og útivistarfólks sem skoði hverasvæðið á Reykjanesi.

Áhrif á landslag og ásýnd. Fram kemur að fyrirhugaður vegur verði að mestu byggður á slóða, sem sé á svæðinu og varnargarði við Gráa lónið. Landið sé því þegar raskað. Vegurinn verði þó meira áberandi en niðurgrafnir slóðar, sem fyrir séu á svæðinu. Með færslu vegarins nær Gráa lóninu, muni hann færast nær skilgreindu

iðnaðarsvæði og verða þar að einhverju leyti innan svæðis sem þegar hafi verið raskað. Með tímanum muni gamli vegurinn verða minna áberandi en nú sé og nýttast sem gönguleið. Framkvæmdin muni hafa óveruleg neikvæð áhrif á landslag og ásýnd svæðisins.

Áhrif á jarðmyndanir. Fram kemur að fyrirhugaður vegur liggi um gróið hraun frá nútíma og varnargarður sunnan Gráa lónsins sé norðan hverasvæðis, en hverir og nútímahraun njóti verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlaga. Á þeim kafla þar sem vegstæðið sé lítið eða ekki raskað verði vegurinn lagður ofan á hraunið. Áætlað sé að umfang þess rasks verði um 2.400 m². Austasti hluti fyrirhugaðs vegarstæðis liggi þvert á ógreinilega gígaröð. Framkvæmdirnar muni hafa í för með sér óverulegt rask á jarðmyndunum.

Áhrif á fornleifar. Fram kemur að nýlegar rannsóknir Fornleifaverndar ríkisins á Reykjanesi hafi leitt í ljós að minjar séu sunnan Gráa lónsins en verndargildi þeirra hafi ekki verið staðfest. Um sé að ræða kartöflugarða, en aldur þeirra sé ekki þekktur og einnig séu þar tóftir með óþekkt hlutverk. Engar fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðs vegar.

Áhrif á fugla. Fram kemur að fuglalíf á svæðinu sé fáskrúðugt og algengir mófuglar séu þar í litlum þéttleika. Kría sé langalgengasti fuglinn á svæðinu en jafnframt sé máfavarp í hrauninu norðan og austan við Gráa lónið, einkum silfurmafur, en einnig sílamáfur og svartbakur. Áður hafi verið stórt kríuvarp sunnan iðnaðarsvæðisins en rannsóknir vorið 2008 hafi leitt í ljós að kríu hafi fækkað mikið á svæðinu miðað við fyrri talningar og kríupör á dreif um svæðið. Breytt fæðuskilyrði sé líkleg skýring á fækkun kríu, en sandsíli hafi brugðist á varptíma sunnan- og vestanlands síðan árið 2005. Kríuvarp á þessum stað sé óvenjulegt að því leyti að hluti þess sé á gróðurlitlum, leirbornum jarðvegi á hverasvæði. Fyrirhugaður vegur muni liggja nálægt kríuvarpi, líkt og eldri vegurinn gerði og helstu áhrif framkvæmdanna geti falist í því að umferð um veginn trufla kríuvarp. Ólíklegt sé að áhrif vegna nýs vegar verði meiri en vegna þess eldri.

Áhrif á gróður. Fram kemur að umhverfis Gráa lónið sé gróður á köflum fjölskrúðugri og gróðurþekja samfelldari en víða á Reykjanesi. Á hverasvæðinu við Gunnuhver sé gróðurfar aðlagð hverahita og þar vaxi m.a. tegundir sem séu sérhæfðar slíku umhverfi, t.d. naðurtunga, sem sé á válista Náttúrufræðistofnunar Íslands. Naðurtunga hafi þó ekki fundist í fyrirhuguðu vegstæði nýs Gunnuhversvegar. Áætlað sé að byggja veginn á landi sem þegar hafi verið raskað, nema á 250 m kafla (um 2.400 m²) yfir lyngmóa og graslendi þar sem land sé lítið raskað. Gera megi þó ráð fyrir að rask verði að einhverju leyti meira á fyrirbyggjandi slóðum, þar sem þeir muni breikka lítillaga frá því sem nú sé, en neikvæð áhrif á gróður talin verða óveruleg.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að allt Reykjanesið sé á Náttúruminjasrá og svæðið Reykjanes-Eldvörp-Hafnarberg sé skilgreint sem friðland á Náttúruverndaráætlun 2004-2008. Reykjanesið sé vinsælt til útivistar og mikið sótt af ferðamönnum. Nýjum vegi sé ætlað að bæta aðgengi ferðamanna að merkilegu hverasvæði og til að auka öryggi fólks sem eigi leið um svæðið. Fyrirhugaður ferðamannavegur komi ekki til með að hafa veruleg áhrif á verndargildi svæðisins en hann muni hafa talsverð jákvæð áhrif á ferðamennsku og útivist á svæðinu og koma að mestu í veg fyrir utanvegaakstur.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að fyrirhugað framkvæmdasvæði sé sunnan skilgreinds iðnaðarsvæðis skv. Aðalskipulagi Grindavíkurbæjar 2000-2020 og Aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015.

Fram kemur að verið sé að vinna í því breyta gildandi deiliskipulagi svæðisins m.t.t. fyrirhugaðrar vegagerðar. Deiliskipulag á Reykjanesi frá 5. febrúar 2005 geri ekki ráð fyrir fyrirhuguðum vegi, en vestasti hluti vegstæðisins sé sýndur á deiliskipulaginu sem „aðrir vegir“. Hverfisvernd samkvæmt deiliskipulagi sé ætlað að vernda jarðmyndanir á svæðinu og skuli forðast að raska þeim s.s. með efnistöku, veglagningu eða byggingum. Fyrirhugaður vegur muni að hluta til liggja um hverfisverndað svæði, en þar verði vegurinn lagður á fyrirbyggjandi slóða.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að framkvæmdin muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á náttúruminjar. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugað vegstæði sé innan svæðis á náttúruminjasrá (Reykjanes, Eldvörp og Hafnaberg), sem einkennist af stórbrotnni jarðfræði, fjölskrúðugum jarðhitagróðri og sérstæðri volgri sjávartjörn. Fyrirhugað framkvæmdasvæði sé í jaðri iðnaðarsvæðis á Reykjanesi þar sem ummerki mannsins séu mikil og fyrirhugað vegstæði sé að stærstum hluta á röskuðu svæði. Ekki séu líkur á að veglagninging hafi mikil áhrif á fuglalíf.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að rétt sé að fornleifar séu sunnan Gráa lónsins, en í gögnum sé staðsetning þeirra ekki sýnd á loftmynd og afstaða þeirra til legu fyrirhugaðs vegar sé ekki ljós. Hins vegar sé í frummatsskýrslu vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar sýndur slóði sem liggja frá Reykjanesvitavegi og yfir á núverandi varnargarð við Gráa lónið, en einungis á þessum hluta fyrirhugaðs ferðamannavegar liggja fornleifar nærri veginum. Fjórar fornleifar séu í 40 -70 m fjarlægð frá slóðanum: garðlag og þrjár tóftir. Ef framkvæmdin feli í sér að byggja upp gamla slóðann ætti fornleifum ekki að stafa hættu af henni. Engu að síður sé mikilvægt að verktakar verði upplýstir um staðsetningu fornleifanna til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá meðan á framkvæmdum standi.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða gerð nýs vegar um hverasvæðið við Gunnuhver á Reykjanesi í stað vegarkafila sem hefur verið lokað vegna aukinnar hveravirkni á svæðinu. Vegurinn verður um 1,5 km langur, frá Reykjanesvitavegi og austur fyrir hverasvæðið við Gunnuhver. Breidd vegarins verður allt að 9,4 m og hann mun standa að hámarki 50 cm upp úr landinu. Áætlað er að vegna vegagerðarinnar fari 8.700 m³ af efni í fyllingar, 710 m³ í jöfnunarlag og 430 m³ í grjóthleðslu. Efni í veginn verði sótt í Stapafellsnámu.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10c í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Við málsmeðferð Skipulagsstofnunar hefur komið fram að Gunnuhversvegur er innan svæðis á Náttúruminjaskrá og í jaðri iðnaðarsvæðis og breyting á veginum verður að mestu leyti á fyrirliggjandi slóða og varnargarði við Gráa lónið. Framkvæmdin er ekki talin líkleg til að hafa mikil áhrif á fuglalíf og hætta fyrir fornleifar er talin lítil.

Skipulagsstofnun telur ljóst að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði vegna röskunar jarðmyndana og gróðurs á um 250 m kaffa vegarins. Þá telur stofnunin að framkvæmdin muni bæta aðgengi og öryggi ferðamanna á hverasvæðinu.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu VSÓ Ráðgjafar við tilkynningu og umsagnir vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð nýs vegar um hverasvæðið við Gunnuhver á Reykjanesi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar og Reykjanesbæjar, skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Mikilvægt er að verktakar verði upplýstir um staðsetningu fornleifa á framkvæmdasvæðinu til að koma í veg fyrir að þær raskist af vangá meðan á framkvæmdum stendur.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að framkvæmdaraðili og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 8. september 2009.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson